

**12. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
22. apríl 2015 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg L. Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson.

**Fyrir tekið:**

**1. 1502211 - Velferðarráðuneyti - fundur 12. mars 2015**

Áður á dagskrá þann 24. mars 2015.

Jón Þorsteinn Sigurðsson, réttindagæslumaður fatlaðs fólks á Vesturlandi og Vestfjörðum mætti á fundinn í samkvæmt boði Velferðar- og mannréttindaráðs frá 24. mars sl. og kynnti hlutverk réttindagæslumanna.

Bréf Velferðarráðuneytis frá 31. mars sl. varðandi fund starfsmanna ráðuneytisins með starfsmönnum Akraneskaupstaðar lagt fram til kynningar.

*Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Jóni Þorsteini greinargóða kynningu á hlutverki réttindagæslumanna og persónulegra talsmanna.*

**2. 1504091 - Velferðar- og mannréttindasvið - Fjárhagsyfirlit 1. ársfjórðungs 2015**

Lagt fram yfirlit yfir stöðu fjárhags Velferðar- og mannréttindasviðs eftir 1. ársfjórðung 2015.

**3. 1504015 - Skagastaðir 2015**

Áður á dagskrá fundar Velferðar og mannréttindaráðs þann 8. apríl 2015. Á fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 8. apríl var fjallað um starfsemi Skagastaða. Afgreiðslu ráðsins var vísað til bæjarráðs þar sem hún fól í sér útgjöld umfram fjárhagáætlun. Vegna breyttra forsendna er málið lagt fyrir ráðið að nýju.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrir sitt leyti að samningur Akraneskaupstaðar við Vinnumálastofnun á Vesturlandi frá 15. janúar 2014 verði efndur. Samningurinn gildir til 31. desember 2015. Ráðið vísar erindinu til bæjarráðs þar sem það felur í sér um 1,8 mkr. útgjöld umfram samþykktu fjárhagsáætlun.*

*Ráðið leggur til að verkefnisstjóra verði falið að vinna að tillögum að framtíðarsýn varðandi virkniúrræði fyrir fólk sem nýtur fjárhagsaðstoðar.*

**4. 1501209 - Þjónusta vegna búsetu og stuðningsþjónusta**

Kynning á stöðu. Trúnaðarmál.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

*Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir  
Gunnhildur Björnsdóttir  
Einar Brandsson*

*Sveinborg L. Kristjánsdóttir  
Ingibjörg Pálmadóttir  
Jón Hrói Finnsson*